

Kvennaframboðsræða

Til hamingju með daginn Kvennaframboðskonur og við öll.

Þegar mamma spurði mig hvort ég væri til í að halda ræðu um það hvernig hefði verið að alast upp sem barn Kvinnalistakonu, þá spurði ég mig strax. Þori ég? Get ég? Vil ég?

Fjörutíu ár! Ég verð að játa að ég man kannski ekki mikið frá upphafsárum Kvennafraboðsins. Árið 1982 varð ég 11 ára. Þjakkur í Melaskóla. Allavega man ekki eftir neinum stórkostlegum breytingum á högum mínum vegna stofnunar framboðsins. Það var einhvern veginn alltaf mikið að gera á heimilinu, hjá okkur öllum. Það breyttist ekkert með tilkomu Kvennaframboðsins. Ég man einhvern veginn betur eftir því þegar mamma var í ritstjórn Veru sem mér skilst að hafi verið tveimur, þremur árum síðar. -Og eins þegar hún tók þátt í að stofna Kvennaathvarfið. Þá var mamma oft bissy að breyta heiminum.

Ég minnst þess þó að önnur hver kona í Kvennaframboðinu virtist heita Kristín (eins og mamma) og hin Guðrún.

Mig ramar í rútuferð á Þingvelli.. í vorferð, mér var kalt, það var sungið Áfram stelpur og við fengum pulsu og kakó.

Ég man að þið voruð allar svo glaðar, alltaf, og stutt í sönginn. Það var greinilega gaman. Meira að segja á æfingunni á föstudaginn brustu nokkrar í söng. Halla nefndi það líka þá að hún skildi aldrei þetta með reiða femínista. Þið hefðuð alltaf verið svo glaðar.

Ég man að það var alltaf fjör að fara niður í bæ, á skrifstofu framboðsins, tékka inn og spyrja eftir mömmu, vona helst að hún væri þar ekki, því þá gat maður sníkt frímiða á Tommaborgara. En þingmaðurinn tilvonandi hafði gefið framboðinu bunka af ávísunum á borgara og franskar... Þá var veisla! Ég og Halli vinur minn gerðum þetta þó nokkrum sinnum þangað til að mamma tók fyrir það, eða miðarnir kláruðust.

Ég man ekki eftir miklum umræðum um Kvennaframboðið eða Kvinnalistann heima. Ég segi oft í gríni að það hafi verið þrennt sem ekki hafi verið rætt á heimilinu þegar ég var að alast upp og það hafi verið kynlíf, fjármál og pólitík. Þegar ég hugsa til baka þá er það eiginlega ekki rétt. Það var mikið, stundum óþolandi mikið, talað um réttlæti og jafnrétti á heimilinu (sem ég skildi seinna að væri hápólitískt) og að við systkinin fengum góðar fyrirmyndir í báðum foreldrum okkar.

Ég veit ekki hvort ég á að spyrða það við Kvennaframboðið, en mamma var aldrei til í að gera neitt fyrir mig, hvort sem það var að strauja skyrtunnar mínar, sauma tölur í þær, taka til eftir mann, þvo þvottinn af mér eða hvað það nú var. En hún var alltaf til í að sýna manni hvernig það var gert, kenna. Sama átti við um flest allt, mat og heimilisstörf. Við systkinin þurftum öll að taka þátt frá unga aldri. Svona var þetta ekki á mörgum heimilum þar sem ég þekkti til, og þetta gat farið mikið í taugarnar á mér. Kannski var það þess vegna sem við systkinin vorum öll flutt að heiman systkinin, löngu fyrir 18 ára aldur og réðum við það. En við vorum og erum öll velkomin aftur, heim til mömmu og pabba. Og höfum öll nýtt okkur það til lengri eða skemmri tíma.

Ég er af lyklabarnakynslóðinni. Foreldrar skiptu sér varla af börnunum sínum. Það var einn pabbi sem kom alltaf að horfa á fótboltaleikina sem við spiluðum í 5. flokki KR, stóð á hliðarlínunni og hvatti okkur til dáða ...og það sem við vorkenndum aumingja syni hans liðsfélaga okkar. Það var ekki kúl.

En þó að mamma og pabbi hefðu varla skipt sér af manni, þá var það ekki þannig að maður hefði verið afskiptur. Maður fann að manni var treyst. Sumarið sem Kvannaframboðið var stofnað, fékk ég að fara á Melarokk einn míns liðs. 11 ára gamall. Allan daginn og fram undir miðnætti. Um haustið, sama ár, hjóluðum við nokkrir vinir úr Vesturbænum upp í Heiðmörk með allan útbúnað á bögglaberanum þar sem við tjölduðum einir okkar lið. Í raun valsaði maður út á morgnana í nær endalausum frelsi, laus við naflastreng farsíma nútímans. Maður reyndi samt oftast að passa að vera kominn heim rétt fyrir kvöldmat, og fyrr, þegar maður átti að sjá um hann.

Og það var gott að vera treyst. Og hafa þessa fyrirmyndir í baráttunni fyrir mennskari og betri heimi. Ég held að það hljóti að hafa mótað ungan mann, jafnvel meira en hann gerir sér grein fyrir, að sjá mömmu í fararbroddi ásamt skörungum breyta heiminum. En ekki síst í því að vera breytingin sem barist var fyrir. Og atast í því að færa viðmið samfélagsins, gera heiminn a örlítið betri stað í dag, en hann var í gær. Og ég er stoltur af kvannaframboðsmömmu minni!

Sem barn Kvannaframboðskonu hefur ég lært, og reynt að tileinka mér, réttlæti og mannvirðingu. Það hefur gert mér grein fyrir forréttindastöðu minni og hvatt mig til að reyna að breyta heiminum til hins betra, millimetra fyrir millimetra.

Og ég er eitt ábyggilega fjölmargra kvannaframboðsbarna sem núna, fjörutíu árum seinna getum sagt með sanni: „Sko mömmu, hún hreinsaði til.“ Og þess vegna kem ég í kjölfarið og þori, get og vil!